

Tillaga um breytingar á lögum Leikfélags Hafnarfjarðar lagt fram á aðalfundi Leikfélags Hafnarfjarðar þann 31. maí 2014.

Tillagan hljóðar svo:

Aðalfundur samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum Leikfélags Hafnarfjarðar frá 10. sept 1988:

- Breyta 4. gr. laga er kveður á um félagaaðild.

Setningin var: Inntökubeiðni nýrra félaga skal vera skrifleg.

Setningin verður: Félagar teljast þeir sem greitt hafa félagsgjöld.

- Breyting á 6. gr. laga. Orðið „menn“ verða að „manns“ sbr. „Stjórn félagsins skipa 5 menn...“ yfir í „Stjórn félagsins skipa 5 manns...“

- Breyting á 6. gr. laga. „...2 endurskoðendur reikninga félagsins..“ verður „...2 félagslegir endurskoðendur..“

- Breyta 7. gr. laga. Taka út orðið bréfleg og maímánuði breytt í júnímánuð.

7. grein er því:

Aðalfundur félagsins fer með æðsta vald í félaginu. Hann skal haldinn í júnímánuði ár hvert. Aðalfundur skal boðaður með 6 daga fyrirvara og er lögmætur sé löglega til hans boðað.

Einungis 1 aðalfundur, enginn framhaldsfundur.

-Boða skal til félagsfundar að hausti.

-Breyta „aukafundir“ yfir í „félagsfundir“

- Breyting á 8. gr. laga. Þar verður setninging „Stjórnin skal færa reikninga félagsins og leggja þá endurskoðaða fyrir framhaldsaðalfund“ að „Stjórnin skal færa reikninga félagsins og leggja þá endurskoðaða fyrir aðalfund“.

Að auki verður breyting á texta og mun verða eitthvað á þessa leið: Boða skal bæði stjórnarmeðlimi og varamenn á stjórnarfundi. Varamenn geta tekið sæti stjórnarmanna ef einhverja stjórnarmenn vantar á stjórnarfundi.

- Breyting á 9. gr. laga. „og“ breytt í „sem“ og hljóðar það 9.1. þannig: „Leikfélagið setur sér ákveðinn fjárhagslegan ramma fyrir leiklistarstarfsemi sína sem meðlimum félagsins ber að hlíta og framfylgja“.

Breyting á 9.4. lið 8 (h) Kostnaðaráætlun verður að fjárhagsáætlun.

- Breyting á 9.7. orðið kostnaðaráætlun verður að fjárhagsáætlun.

Tillagan lögð fram fyrir hönd stjórnar Leikfélags Hafnarfjarðar þann 31. maí 2014,

---

Gísli Björn Heimisson, formaður Leikfélags Hafnarfjarðar